

Nd.

744. Breytingartillögur

[78. mál]

við frv. til laga um skipan opinberra framkvæmda.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:

Viðkomandi ráðuneyti gerir tillögur til fjármálaráðuneytis, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, um fjárveitingar til einstakra framkvæmda á grundvelli frumathugana og jafnframt um röð framkvæmda til ákvörðunar við gerð fjárlagafrumvarps. Tillögur um röð innan sama framkvæmdaflokks, svo sem skólamannvirkja, skulu lagðar fyrir fjárveitinganefnd Alþingis, áður en hún ákvarðar tillögur sínar um skiptingu framkvæmdafjár við afgreiðslu fjárlagafrumvarps.

2. Við 5. gr. Síðari málsgrein falli niður.

3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Í frumvarpi til fjárlaga skal tilfæra þá fjárhæð, sem ætluð er á fjárlagaárinu til viðkomandi framkvæmdar, og í greinargerð skal tilfæra þær fjárskuldbindingar, sem falla á seinni fjárlagaár í samræmi við áætlunina. Þegar um er að ræða fjárveitingar til einstakra framkvæmdaflokka, svo sem skólamannvirkja, skulu atriði þau, sem um getur í 1. málslíð, koma fram í tillögum og sérstakri greinargerð fjárveitinganefndar Alþingis. Í fjárlagafrumvörpum næstu ára skal á sama hátt tilgreina fjárhæðir, sem skv. endurskoðaðri áætlun nægja til þess að ljúka framkvæmd á tilsettum tíma.

4. Við 14. gr. 2. mgr. orðist svo:

Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, annast sveitarfélag útboð, undirbúning samningsgerðar við verktaka og reikningshald og greiðslur vegna verksins, nema öðruvísi um semjast eða fjármálaráðherra ákveði annað.

5. Við 18. gr. Í stað „umsjónarmauns“ komi: eftirlitsmanns.

6. Við 22. gr. 2. mgr. orðist svo:

Nefndin hefur það hlutverk að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberrar framkvæmdar á undirbúnings- og framkvæmdastigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð, sem er undanfari verklegar framkvæmdar. Nefndin fylgist að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberrar framkvæmdar.

7. Við ákvæði til bráðabirgða. 1. mgr. orðist svo:

Um framkvæmdir, sem fé hefur verið veitt til á fjárlögum, en ekki eru hafnar við gildistöku laga þessara, skal farið að þessum lögum, enda sé að jafnaði ekki raskað þeim undirbúningi, sem unninn hefur verið.